

Myndmennt Iota 7.bekkur 21-22

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Nemendum 7. bekkja er skipt upp í hópa í verk og listgreinum

Tímabil hverrar greinar kallast Iota og er skólaárinu skipt upp í fimm lotur

Nemendur vinna verkefni sem tengjast teikningu, leirmótun og málun.

Í öllum verkefnum er unnið með ýmis grunnatriði myndlistar, myndbyggingu, fjarvídd, form, litafræði, ljós og skugga

Nemendur búa til vinnumöppu.

Teikning: nemendur vinna með hlutföll mannlíkamanns og andlits. Einnig er teiknað fríhendis.

Leir: nemendur forma fígúrir og hluti. Eftir fyrstu brennslu eru verk lituð með glerung.

Málun: nemendur setja upp litaskalann, mála verk á pappír og vinna samvinnuverkefni ef tími vinnst til.

Menningarlæsi: nemendur fara á safn og skoða útilistaverk á Seltjarnarnesi.

Námsáætlun

Tímabil	Viðfangsefni	Verkefni	Námsmat
Vika 1	Kynning á verkefnum annarinnar og verkefnaþema	Draga upp myndir og móta stafi	byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu/getur unnið sjálfstætt
Vika 2	Verkefnaþema/líkami	Teikning með reglustiku-hlutföll	nýtt sér grunnþætti myndlista í eigin sköpun
Vika 3	Teikning fugl/litaskalinn/listaverk	Teikning fríhendis, blöndun lita	sýnir færni við notkun mismunandi efna og verkfæra við eigin sköpun
Vika 4	Teikning andlit /leir fugl	Teikning reglustiku/leirmótun	unnið eftir skipulegu ferli frá hugmynd til loka verks
Vika 5	Málun pappír/ samvinnuverkefni	Málun með acryl	unnið hugmynd að lokaverki bæði tví og þrívið/tekið tillit til annarra í hópvinnu
Vika 6	Teikning skór/ljúka fugl	Teikning fríhendis/málun með glerung	er skapandi og sýnir frumkvæði í verkum sínum
Vika 7	Frjálst og klára verkefni/safn/kynning skór	Val-safn	greint og fjallað um áhrif myndlistar/kynnt eigin verk

Grunnþættir menntunar

Innlögn og sýning á helstu aðferðum þegar við á.

Stöðug leiðsögn og aðstoð svo leiðin að markmiði hvers og eins verði sem greiðust.

Lagt er upp úr jákvæðri hvatningu og eflingu sjálfstraust nemenda við vinnu sína.

Heilbrigði og velferð, nemandi:

- stuðlar að jákvæðum skólabrag
- sýnir frumkvæði vinnur sjálfstætt og í hóp
- nýtir styrkleika sína í vinnu sinni og samskiptum við aðra

Jafnrétti, nemandi:

- temur sér gagnrýna hugsun í greiningu sinni á aðstæðum
- fer eftir reglum í samskiptum sínum við aðra
- tekru tillit til skoðana annarra.

Lýðræði og mannréttindi, nemandi:

- kemur fram við samstarfsfólk sitt af virðingu og tillitssemi,
- vegur og metur viðfangsefnin sín á gagnrýninn hátt,
- temur sér siðfræðileg gildi í umgengni sinni við aðra,

Læsi, nemandi:

- les upplýsandi texta og nýtir í verkefnavinnu,
- tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem hann þekkir,
- nýtir ýmis hjálpargögn svo sem orðabækur og netmiðla,

Sjálfbærni, nemandi:

- tekst á við áltíamál í ræðu og riti um málenfi sem varðar nærumhverfi hans
- þróar með sér gagnrýna hugsun og kemur henni til skila,

Sköpun, nemandi:

- virkjar hugmyndaflugið til að finna lausnir við vinnu verkefna,
- nýtir hæfileika sína og skapar afurð

Námsmat

Hæfniviðmið erum metin jafnóðum og verkefnum er lokið. Auk verkefna er gefið fyrir umgegni og samvinnuhæfni.

Gefið er fyrir haustönn í lok annar og fyrir vorönn í lok þeirrar annar. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat og sjálfsmat nemandans sem eykur hæfni hans til að leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

Einkunn verkefna er lokið - ólokið

Hæfniviðmið tengd hverju verkefni fá einkunn í bókstöfum A B C D

Lokaeinkunn er gefin í A, B+,B, C+,C,D

Hlutverk og vinnulag nemandans

Til að viðhalda góðum bekkjarbrag þurfa samskipti að einkennast af einkunnarorðum skólans sem eru:

Virðing, ábyrgð og vellíðan.

Nemendum ber að mæta á réttum tíma

Nemendum ber að hafa farsíma og önnur tæki í töskum í kennslutímum.

Nemendur skulu nýta kennslutímann vel og fylgja fyrirmælum kennara.

Unnið skal að þeim verkefnum sem lögð eru fyrir hvert sinn.

Bera skal virðingu fyrir vinnufrið og ganga vel um verkfæri og efni sem unnið er með.